



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Umsögn um frv. til l. um br. á sveitarstjórnarlögum (uppbygging ferðamálstaða), 219 mál.

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frá nefndasviði *Alþingis frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, með síðari breytingum (uppbygging ferðamannastaða) (219. mál 145. löggjafarþings 2015-2016)*. Umhverfis- og skipulagssviði barst frumvarpið til umsagnar ásamt menningar- og ferðamálasviði.

Frumvarpið felur í sér nýja grein, 7. grein, í *sveitastjórnarlögum, nr. 138/2011*, þar sem sveitarstjórnnum er veitt heimild að leyfisskylda og innheimta leyfisgjald fyrir fénýtingu náttúruvirkibridja og ferðamannastaða með það að markmiði að féð renni til uppbyggingar ferðaþjónustuvinnviða og að þannig sé stuðlað að sjálfbærri nýtingu staðanna. Ekki er frekar tilgreint í frumvarpinu hvernig sú leyfisskylda og gjaldinnheimta skuli fara fram, heldur vísað í reglugerð.

Reykjavíkurborg fagnar því að frá Alþingi komi fleiri tillögur um hvernig fjármagna skuli uppbyggingu ferðaþjónustuvinnviða. Hér er um annars konar fyrirkomulag að ræða en var kynnt í *frumvarpi til laga um náttúrupassa (455. mál 144. löggjafarþings 2014-2015)* sem var kynnt á síðasta kjörtímabili en fékk ekki framgang. Ólíkt náttúrupassanum er ekki um miðlæga ríkisstýrða gjaldtöku að ræða þar sem gestir ferðamannastaða greiða gjaldið, heldur eru það sveitarfélögin sem stýra gjaldtökunni og gjaldtakan fellur á ferðaþjónustufyrirtækin þ.e.a.s. þá aðila sem fénýta ferðamannastaði en ekki ferðamannastaðina sjálfa. Samkvæmt þessu er ekki hægt að túlka texta frumvarpsins öðruvísi en að ferðamenn sem heimsækja ferðamannastaði á eigin vegum greiði ekki gjald. Þar með er ólíklegt að t.d. flestir innlendir ferðamenn greiði þessi aukagjöld. Því er ekki hætt á að gengið sé á almannaréttinn sem var eitt af því sem frumvarpið um náttúrupassa var helst gagnrýnt fyrir.

Miðað við texta frumvarpsins hafa sveitarfélögin töluvert frelsi til að stýra þessari gjaldtöku. Í greinargerð með frumvarpinu segir að sveitarfélögunum sé sjálfum falið að meta ástand og þörf fyrir inngrip á ferðamannastöðum og að gera samninga um gjaldtöku við ferðaþjónustuna svo sem þá sem stýra ferðum inn á ferðamannastaði. Einnig segir í greinargerðinni að gjaldið þurfi ekki að vera varanlegt heldur geti tekið mið af stöðu þeirra fyrirtækja sem um ræðir.

Í umsögn sinni um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja (133. mál 145. löggjafarþings 2015-2016) gagnrýndi Reykjavíkurborg hversu illa skilgreint hugtakið „ferðamannastaður“ er í frumvarpinu og velti fyrir sér hvort staðir með fjölþátta notkun t.d. í þéttbýli falli undir þá skilgreiningu. Margir slíkir staðir eru í Reykjavík sem fjölmargir ferðamenn heimsækja með tilheyrandi álagi, en sem óneitanlega sinna öðrum hlutverkum t.d. sem útivistarsvæði eða hreinlega íbúa- og þjónustusvæði í byggð t.d. miðborg Reykjavíkur sem er sennilega fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Reykjavíkurborg telur eðlilegt að sveitarfélög skilgreini sjálf hvað eru ferðamannastaðir innan sinna marka og mætti það koma fram í texta frumvarpsins. Ein leið er að það komi fram á aðalskipulagi, en það felur í sér þörf á breytingu á skipulagslögum (nr. 123/2010). Í ljósi þess hversu fjölbreytilegir ferðamannastaðir eru og að þeir eru gjarnan á stöðum sem einkennast af annarri landnotkun er ef til vill betra að þessi skilgreining eigi sér stað utan skipulagsrammans. Þetta þarf að skoða betur.

Reykjavíkurborg telur jákvætt að sveitarfélögin fái aukna heimild til gjaldtöku á ferðapjónustunni enda hefur borgin ítrekað bent á hversu lítið af þeirri opinberu gjaldtöku sem fellur á ferðapjónustuna skilað sér til sveitarfélaga þrátt fyrir að álag á innviði og samfélög vegna ferðamanna sé mest hjá sveitarfélögum og þau þurfi ítrekað að bregðast við með tilheyrandi kostnaði. Jafnframt telur Reykjavíkurborg það jákvætt að sveitarfélögin geti sjálf metið þörfina á gjaldtöku á hverjum ferðamannastaði fyrir sig. Vissulega er það viðamikil verkefni enda ferðapjónusta í miklum vexti og fjöldi svæða undir álagi eykst sem og umfang og fjölbreytni álagsins. En sannarlega eru sveitarfélögin best í stakk búinn til að þekkja aðstæður, í góðu samráði við fag- og stjórnsýslustofnanir þegar við á (t.d. Umhverfisstofnun þegar friðlýst svæði eiga í hlut), íbúa og aðra notendur. Þar sem að ekki er útskýrt frekar í frumvarpinu hvernig gjaldtakan eigi að fara fram skilur Reykjavíkurborg innihald frumvarpsins svo að sveitarfélögum sé heimilt að taka gjald af ferðapjónustunni fyrir margs konar nýtingu þ.m.t. skipulagðar hópferðir á viðkvæm náttúrusvæði en einnig gistináttagjald á stöðum eins og miðborginni sem eins og áður sagði er vinsæll ferðamannastaður undir miklu álagi. Engu að síður þyrfti að kveða miklu skýrar að því með lagabreytingunni, að svokallað gistináttagjald felist einnig í henni. Reykjavíkurborg hefur áður bent á (t.d. í umsögn sinni um frumvarp til laga um náttúrupassa) að aukið gistináttagjald sé skynsamleg leið til að auka fjármagn fyrir uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum og fagnar því tækifærinu til að taka upp þess konar gjaldtöku á eigin vegum og þar með tryggja að fjármagnið skili sér þangað sem þess er þörf. Skoða þarf vandlega skipulagið við þessa gjaldtöku til að tryggja að hún sé framkvæmd í skýru samhengi við þörf og aðstæður.

Vissulega eru ýmis óvissuatriði sem þarf að rýna við áframhaldandi meðferð þessa frumvarps. Þar má nefna hvort og hvernig ferðamannastaðir í einkaeigu sem eru innan marka sveitarfélaga falla undir gildissvið frumvarpsins. Einnig þyrfti að skilgreina betur hvað er átt við með „fénýtingu“ því eins og komið hefur fram má túlka það á marga vegu. Þá þarf að skilgreina hvað er átt við með „leyfisveitingu“ fyrir þessa fénýtingu þ.e. fyrir hvað verið sé að veita leyfi. Reykjavíkurborg veitir nú þegar ýmis leyfi fyrir uppbyggingu, starfsemi og rekstur ferðaþjónustu og fylgir því stundum gjaldtaka og þurfti að skoða frekari gjaldtöku í samhengi við núverandi stöðu sem og aukna þörf. Starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja takmarkast sjaldan við einstök sveitarfélög og skoða þarf vandlega hvernig ákvarðanir einstakra sveitarfélaga varðandi leyfisveitingu og gjaldtöku hafa áhrif á starfsemi þeirra. Mikilvægt er að leikreglur séu skýrar, samræmdar milli sveitarfélaga og leiði ekki til þess að áhrifin verði of íþyngjandi fyrir rekstur ferðaþjónustufyrirtækjanna. Gott samkomulag við fyrirtækin með sanngirni og sameiginleg markmið að leiðarljósi hlýtur að vera lykilatriði til að þetta fyrirkomulag gangi vel fyrir sig og sé öllum til hagsbóta.



Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri

